

Skáld í skólum



**Bókmenntadagskrár
fyrir börn og unglina**

Veturinn 2007-2008

Höfundamiðstöð RSÍ

Haustönn 2007 22. október – 16. nóvember

Sögu- og ljóðaflétta

Allt er efni í skáldskap og hugmyndir leynast alls staðar. Þær geta verið úti í garði, bak við bæknar í hillunni, innan í vettlingunum eða jafnvel flotið ofan á súrmjólkinni. **Gerður Kristný** og **Þórarinn Eldjárn** flétta saman ljóð og sögu úr ótal þáttum. Þar birtast selir, geimverur, trúðar, forsetar, kuml, skjaldarmerki, góríllur, gröfur, ánamaðkar, Jónas Hallgrímsson, Hamlet, ullarsokkar og stöku veðurlýsingar og er þá fátt eitt talið.

6–9 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Furðuskepnur og skrýtið fólk

Iðunn Steinsdóttir og **Áslaug Jónsdóttir** hafa hitt ógrynni af skemmtilegu fólki og furðulegum skepnum á ferðum sínum um skáldheimana. Um þessar persónur má til dæmis lesa í bókunum **Olla og Pési** og **Gott Kvöld**. Er hægt að sigra hrekkjusvín? Tala hestar mannamál? Hafa hræðslupúkar horn? Geta vælúkjóar sungið? Þessu svara Iðunn og Áslaug um leið og þær segja frá því hvernig hugmyndir kvikna og lifna í orðum og myndum, bókum og leikverkum.

6–9 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Víkingar, ambáttir, kempur og konungar

Íslendingasögurnar eru stútfullar af æsispennandi efni. Þar eru vígfimir bardagamenn og hugrakkir kvenskörungur, en einnig klárir krakkar, ráðsnyllir afar og lífsreyndar ömmur. Sumar persónur eru konungbarnar, aðrar úr Hvalfirðinum; sumar eru höfðingjar, aðrar bændur, og nokkrar þrælar eða ambáttir. **Kristín Steinsdóttir** og **Brynhildur Þórarinsdóttir** kynna háskalega hefndarveröld sagnanna og ræða við nemendur um tengsl miðalda og nútímans.

10–12 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Hverjir eru vitleysingar?

Tveir af vinsælustu höfundum þjóðarinnar, **Guðrún Helgadóttir** og **Kristín Helga Gunnarsdóttir**, leiða hér saman hesta sína í skemmtilegri dagskrá og skoða m.a. hverjir eru þægir og hverjir óþekkir - hverjir eru stilltir og hverjir þrúðir og hvort fullorðið fólk á erfitt með að hlýða og hvort það á stundum erfitt með að skilja duglega og hugmyndaþrúð krakka. Niðurstöðurnar eru flóknar og til að komast að þessu þarf til dæmis að rannsaka veröldina með augum tvíburanna margfrægu, **Jóns Odds** og **Jóns Bjarna**, og snillingsins **Móa hrekkjusvíns**.

10–12 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Kollsteypur

Í skáldsögu sinni **40 vikur** gefur **Ragnheiður Gestsdóttir** innsýn í hugarheim 16 ára verðandi móður sem ætlaði sér aldrei að verða fullorðin alveg svona fljótt. En hvenær verður maður fullorðinn og hættir að vera barn? Er kannski alls ekki nauðsynlegt að hætta að vera barn þótt maður fullorðnist? Í ljóðabókinni **Tímasetningar** fjallar **Margrét Lóa Jónsdóttir** meðal annars um að skáldinu sé nauðsynlegt að varðveita innra með sér trú barnsins á ástina og fegurðina. Er ef til vill ekki hægt að vera raunverulega fullorðinn ef barnið í manni týnist?

13–15 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Tveir ógeðslega frábærir ...

Yfirskriftin er sótt í umsögn nemanda sem var ánægður með skólaheimsókn þeirra ágætu skáldbræðra og nafna, **Einars Kárasonar** og **Einars Más Guðmundssonar**, en þeir eiga það sameiginlegt að hafa skrifað um tug skáldsagna hvor, auk þess að vera nánast jafnaldrar. Í farteskínu hafa þeir ljóð, smásögur og hugleiðingar af ýmsu tagi. Dagskráin er byggð upp á brotum úr verkum þeirra og frásögum, en einnig fjalla þeir á sinn einstæða hátt um erfiðleikana við að þurfa sífellt að fá nýjar hugmyndir og að koma þeim í prenthæfan búning. Gamnið og fjörið sem fylgir þeirri iðju er þó aldrei langt undan.

13–15 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Vorönn 2008 11. febrúar – 7. mars

Fugla- og fiskisúpa



Vilborg Dagbjartsdóttir og Sigrún Eldjárn eru ólíkir höfundar en bera hér saman bækur sínar á lífandi hátt. Vilborg fer með ljóð og segir skemmtilegar sögur af Boggu á Hjalla úr bókinni *Fugl og fiskur*. Sigrún les um Hörpu og Hróa í *Draugasúpunni* og segir frá hvernig myndirnar í bókum hennar verða til. Þær segja örlítið frá æsku sinni, sýna myndir og útskýra hvernig bæði raunverulegir atburðir og furðulegar hugmyndir geta orðið að sögu í bók.

6-9 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Hundakex og Dojojong

Pótt Einar Már og nafni hans Kárasón séu þekktastir fyrir skáldverk sín fyrir fullorðna hafa þeir báðir sent frá sér bækur fyrir yngri lesendur, þ.á.m. eru *Fólkið í steininum* og *Hundakexið* eftir Einar Má Guðmundsson og *Litla systir og dvergarnir sjö* og *Didda Dojojong og Dúi dúgnaskítur* eftir Einar Kárasón. Í þessari dagskrá segja þeir frá starfi sínu, lesa úr verkum sínum og spjalla við áhorfendur eins og þeim einum er lagið.

6-9 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Út um víðan ritvöll



Svo skemmtilega vill til að Kristlaug María Sigurðardóttir hefur skrifað um ávexti, en Þórarinn Eldjárn um átvexti. Hvað er líkt með ávöxtum og átvöxtum? Getur verið að fleiri furðulega samnefnara sé að finna með þessum ólíku höfundum? Í blandaðri dagskrá fara þau út um víðan völl í verkum sínum, tvínnu þráð úr frásögn og ljóðum. Margt ber á góma, eiginlega hvað sem er, til dæmis jólasveina og tölvur.

10-12 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Ævintýralegur hversdagur – hversdagsleg ævintýri!

Ólafur Haukur Símonarson og Þórgímur Þráinsson lesa sögur, spjalla, spila og syngja (ef þeir eru ekki þegjandi hásir) um ævintýrin í hversdeginum og hversdaginn í ævintýrinu. Það eru nefnilega ótal ævintýri að gerast rétt fyrir framan nefið á okkur. Ótrúlegasta fólk byrjar skyndilega að sjá í gegnum holt og 9 hæðir! Út um allt eru ungir og gamlir að flytja fjöll! Engill flytur inn í blokk og kennir öllum spýtukörlunum að dansa! Fólk sem alla ævi hefur séð heiminn í svart/hvítu fer skyndilega að sjá liti!

10-12 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Skiljið áttavitann eftir heima!



Gerður Kristný og Stefán Máni fara með nemendum í ferðalag um lendur bóka sinna. Stefán Máni fjallar þó fyrst og fremst um skáldsögu sína *Skipið* þar sem ferðalagið er einmitt megin umfjöllunar-efnið. Gerður Kristný tekur aftur á móti fram ljóðabækur sínar og skýrir frá ferðunum sem farnar eru í þeim. Bæði leita þau svara við því hvað sé saga og hvað ljóð og hvort ljóðið geti jafnvel búið í sögunni og sagan þá hreiðrað um sig í ljóðinu.

13-15 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Ljóðasmygl og ljóðtímaflakk

Andri Snær Magnason hóf ljóðasmygl og skáldarín árið 1995 en Sigurður Pálsson hefur stundað ljóðvegagerð og ljóðtímaflakk um langt skeið. Yrkisefni þeirra ná frá Melrakkasléttu inn í Bónus-verslanir. Í fjölbreyttri dagskrá flytja þeir ljóð og deila hugrenningum sínum með nemendum. Um hvað á að yrkja? Hvaðan koma ljóð? Hvaðan koma skáldin? Hvaðan komum við? Báðir rekja þeir rætur sínar og bernskuminningar til Norður-Pingeyjarsýslu en Andri Snær er ættaður þaðan og Sigurður fæddur og uppallinn þar. Eins og allir eru þeir síðan komnir frá einhverjum tímamarki í lífinu, báðir hafa til dæmis verið 15 ára.

13-15 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Haustönn 2007 22. október – 16. nóvember

Hvaða Jónas kvað hvað?



Í dagskrá um listaskáldið góða, **Jónas Hallgrímsson**, fjalla rithöfundarnir **Silja Aðalsteinsdóttir** og **Þorvaldur Þorsteinsson** um ævi hans og skáldskap. Þau koma víða við, flytja brot úr verkum skáldsins og flétta saman fortíð og nútíð með snjöllum hætti. Jafnframt miðla þau upplýsingum til kennara um hvernig kvæði Jónasar geta nýst í allri kennslu, ekki aðeins í íslensku og bókmenntum heldur líka í landafræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og kristinfræði. Dagskráin er breytileg og tekur mið af aldri áhorfenda hverju sinni.

Öll skólastig

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.



Vorönn 2008 11. febrúar – 7. mars

Stjörnuhlópur með staf, handriðabrunarinn Helga og Haukur sem skítti á fiðluna



Fáir íslenskir rithöfundar hafa fjallað með jafn skemmtilegum hætti um heim bernskunnar og **Þórbergur Þórðarson**. Eins eru frásagnir hans af því þegar ástin grípur unglíngana ógleymanlegar. Í þessari dagskrá bregða höfundarnir **Pétur Gunnarsson** og **Jón Hjartarson** á leik og lýsa stílbrogðum og sérkennum Þórbergs, en Jón hefur margoft túlkað skáldið á sviði á meistaralegan hátt. Efnisval og áherslur taka mið af aldri áheyrenda, en til grundvallar eru m.a. lögð verkin **Sálmurinn um blómið**, **Bréf til Láru** og **Ofvitinn**.

Öll skólastig

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.



Tímabil á haustönn: 22. október – 16. nóvember 2007
Frestur til að panta dagskrár er til 5. október 2007

Tímabil á vorönn: 11. febrúar – 7. mars 2008
Frestur til að panta dagskrár er til 25. janúar 2008

Verð miðast við fjölda áhorfenda, kr. 200 á hvern nemanda
en lágmarksgreiðsla er kr. 16.000,-

Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins nýtur stuðnings menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Styrktarsjóður Baugs og Menningarsjóður IHM hafa styrkt verkefnið Skáld í skólum.

Upplýsingar í síma 568 3190

Netfang: rsi@rsi.is

Heimasíða: www.rsi/hofundamidstod/